

Hverfisnefnd Oddeyrar

32. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla þriðjudaginn 5. júní 2007 kl. 17:00, mætt voru Auður, Jónsi og Steinþór.

1. rætt um fund stjórnarsýslunefndar sem Auður sat vikuna á undan, þar sem margir góðir punktar komu fram og voru ræddir. Mikilvægi þess að fá skipulagsbreytingatillögur til umfjöllunar og kynningar ítrekað. Aðrar hverfisnefndir í bænum kynntu sitt starf sem er mjög áhugavert og margt hægt að taka upp, til dæmis hátíðir og fréttabréf. Fjármál nefndanna voru líka rædd og voru skiptar skoðanir um hversu há upphæð væri nægileg til að geta gefið út fræðslu og kynningarefni og staðið að samkomum.
2. mikilvægi þess að fá hringtorg á gatnamót Grænu götu og Glerárgötu rædd aftur. Aukin áhersla lögð á þetta núna í ljósi bílslyss sem var þarna um helgina. Stefnt að því að komast að því hvað er áformað um þetta og helst að skapa meiri umræðu um þennan möguleika, sérstaklega ef á að loka Gránufélagsgötu ofan við Glerárgötu og hafa þar af leiðandi meiri umferð um þessi gatnamót til vesturs. Hringtorg myndi hægja á allri umferð um Glerárgötu og auðvelda gangandi umferð um gatnamótin. Hringtorgið út við Bónus hefur gefið mjög góða raun.
3. fengum erindi frá Þórarni Blöndal sem er með Eiðisvöll á leigu um einhvers konar samstarf varðandi nýtingu á vellinum og hugmynd um að halda allavega eina sumar hátíð saman. Fundarfólki leist vel á hugmyndina og stefnt á að hafa samband við Þórarinn og ræða þessi mál frekar.
4. eitt af verkefnum nefndarinnar á næstunni er að kynna sig, að hún sé farin að starfa aftur og hverjir sitji í henni. Sniðugt að hafa mynd af nefndarmönnum til að auðvelda íbúum hverfisins aðgengi að þeim. Gætum fengið að senda tilkynningu á foreldra í skólanum og leikskólanum, gott að safna að okkur netföngum og búa til póstlista til að senda á. Mikilvægt að koma fréttabréfi frá okkur í sumar.

Fundi slitið og fleira ekki rætt